

## Aðgerðir sumarsins

Kynningarstarf þetta sumarið er með nokkuð breyttum hætti hjá Markaðsstofunni. Við leggjum meiri áherslu á innanlandsmarkað en áður. Verkefni sumarsins eru sett upp á þann hátt að ná til innanlandsmarkaðar með okkar miðlum og einnig í samstarfi við aðra. Við sinnum erlendum markaði á okkar miðlum og erum í undirbúningi fyrir haustið varðandi frekari áherslu þar. Stór hluti vinnu síðustu vikna hefur verið að staðfæra og þýða efni frá ensku yfir á íslensku. Flest þau verkefni sem farið verður sérstaklega í nú í sumar tengjast birtingum og efnissköpun. Ný efnissköpun og útfærslur á kynningu miða að því að sú vinna og það efni sem til verður fyrir innanlandsmarkað nýtist líka að mestu fyrir markaðsetningu á erlendum markaði. Þetta er gert með þessum hætti til þess að búa okkur vel undir þá sókn sem þarfa að fara í á erlendum markaði. Við listum upp hér fyrir neðan það sem við erum að leggja áherslu á nú í sumar varðandi innanlandsmarkað. Við erum þegar búin að vinna stóran hluta af efninu og sumt er þegar búið að birta.

### Gróf birtingaráætlun

Mánuðir	Apríl			Maí				Júní					Júlí				Ágúst				September				
Vika	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
Bæir Norðurlands																									
Júlli ferðast um Norðurland																									
Stafrænt ferðalag																									
Herferð FMS																									
Herferð FMS sveitarfélög																									
Herferð FMS ferðamannaleiðir																									
Herferð FMS viðburðir																									
Gönguleiðir																									
Samstarfsfyrirtæki taka yfir																									
Almennar birtingar																									

**Bæir Norðurlands:** Allir bæir og þéttbýliskjarnar eru birtir á íslenskum samfélagsmiðlasíðum MN með myndböndum. Á forsíðu á heimasíðu er stór kassi sem vísar á bæi. Keyptar eru auglýsingar á samfélagsmiðlum. Markhópur er Íslendingar á aldrinum 20-65 sem hafa sýnt hafa Norðurlandi áhuga á stafrænum miðlum. Markmiðin eru þrjú; 1) Að ferðamenn þekki þéttbýliskjarna, staðsetningu þeirra og þjónustuframboð ásamt lykil áherslum. 2) Að ferðamenn dvelji lengur og nýti meiri þjónustu. 3) Að fjölga fylgjendum á samfélagsmiðlum og notendum á heimasíðu.

**Júlli ferðast um Norðurland:** Júlli er leiðsögumaður sem starfar og býr á Norðurlandi. Færslur á samfélagsmiðlum eru stuttar sögur sem fara í „story“ á meðan Júlli er á ferð ásamt því að sérstök lengri innslög er í send út beint einu sinni á dag á meðan að ferðalagi stendur. Eftir ferðalag Júlíusar er efni unnið og dagbók birt á samfélagsmiðlum og seinna á heimasíðu sem ferðasaga. Júlíus er sjálfur á ferðalagi og ræður efnistöfum að megin upplagi, en stóra samhengið eru ferðamannaleiðir á Norðurlandi. Markhópur eru fylgjendur Norðurlands á samfélagsmiðlum. Markmiðin eru fjögur; 1)Að búa til persónulegt efni sem á sér framhaldssögu og heldur fylgjendum við efnið. 2) Að fólk sjái fjölbreytta möguleika og sérstöðu ferðamannaleiða. 3)Að ferðamenn dvelji lengur

og nýti meiri þjónustu. 4)Að breyta fylgjendum í áhangendur svo að hægt sé að koma frekara efni til þeirra.

**Gagnvirkt ferðalag:** Þróunarverkefni í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna. Verkefnið verður birt á öllum miðlum Markaðsstofa landshlutanna ásamt því að farið verði í kynningarátak. Markhópur er Íslendingar sem eru að huga ferðalagi innanlands eða eru á ferðalagi innanlands. Stefnt er að því að á síðari stigum verði þetta verkefni þróað áfram fyrir erlenda markhópa. Markmiðin eru tvö: 1) Að hvetja til ferðalaga innanlands og kynna svæðið í heild sinni. 2) Að notendur deili okkar efni á sínum persónulegu samfélagsmiðlum. Verkefnið verður betur kynnt síðar.

**Herferð Ferðamálastofu:** Er ekki stýrt í samstarfi við Markaðsstofu en við höfum lagt tillögur fram. Birtingarmiðlar eru fjölbreyttir. Reiknað er með að almennar auglýsingar verði birtar sem tengjast Norðurlandi í tengslum við veður og viðburði. Markaðsstofan kallar eftir viðburðum sem Ferðamálastofa vill kynna og sækir um birtingu fyrir þá. Auglýsingar um sveitarfélög verða birtar í takti við okkar þéttbýliskjarnaherferðs að ýta undir hennar markmið með birtingarfé Ferðamálastofu og þá verður merkið „Upplifðu Norðurland“ nýtt í ofanálög að reglum Ferðamálastofu. Ferðamannaleiðir verða kynntar og þá með birtingarfé Ferðamálastofu og þá verða merki þeirrar herferðar nýtt í ofanálög að reglum Ferðamálastofu. Aðrar auglýsingar er almennar um ferðalög innanlands og Ferðagjöf stjórnvalda.

**Gönguleiðir:** Átak var gert í söfnun gönguleiða og verða þær birtar á sér stað á heimasíðu sem er í vinnslu ásamt stöðuuppfærslum um átakið. Markhópur er Íslendingar sem eru í ferðahug, þeir sem eru að ferðast á svæðinu og hafa sýnt útivist áhuga á stafrænum miðlum. Markhópar eru stilltir af í birtingum í takti við tegund gönguleiða. Markmið er hvetja til nýtingar á gönguleiðum á svæðinu og fá ferðamenn til þess að dveljast lengur.

**Samstarfsfyrirtæki taka yfir:** Samstarfsfyrirtæki sem hafa sögu að segja geta sótt um að taka yfir „story“ samfélagsmiðla Markaðsstofunnar undir leiðsögn MN. Verkefnið er áætlað að taki 10-20 daga og hvert fyrirtæki myndi þá vera með miðlana í einn dag. Markhópur er fylgjendur Norðurlands á samfélagsmiðlum.

Markmiðin eru tvö; 1)Að veita ferðamönnum innsýn í starfsemi fyrirtækja og kveikja á ferðahug. 2)Að veita ferðamönnum persónulegt og traust efni sem hvetur til ferðalaga norður. Sendur verður út sérstakur póstur um þetta fljótlega.

**Almennar birtingar:** Við birtum ferðablogg í tengslum við áherslur og sérstöðu svæðisins. Við birtum tillögur og lista sem eru ferðahvetjandi í formi bloggs. Við birtum viðeigandi efni frá öðrum á samfélagsmiðlum. Við nýtum tækifæri með stuttum fyrirvara og birtum efni á öllum okkar miðlum. Markhópar eru stilltir til eftir formi og efnistöðum hverju sinni. Markmið er að hvetja til ferðalaga, fá ferðamenn til þess að dvelja lengur, ferðast víðar og kaupa meiri þjónustu.

**Árangursmælingar:** Við mælum alla umferð á okkar íslensku miðla sérstaklega og berum þá saman við fyrri ár. Við mælum dekkun nýrra og núverandi fylgjenda. Við mælum aðgerðir nýrra og núverandi fylgjenda. Við mælum fjölgun gistinátta. Aðrir mælikvarðar ákvarðast af framkvæmdum rannsóknum í og eftir sumarið.

Fleiri efnistöð í tengslum við sumarið

**Heimasíðan:** Við staðfærum heimasíðuna okkar nú á næstu dögum og vikum í takti við aðgerðir. Markaðsstofan rekur þrjár heimasíður og aðalsíðan er [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is) en einnig eru [www.nordurstrandarleid.is](http://www.nordurstrandarleid.is) og [www.demantshringurinn.is](http://www.demantshringurinn.is) ný uppfærðar. Á heimasíðum MN eru upplýsingar um öll fyrirtæki, áhugaverða staði og sveitarfélög. Heimasíðurnar eru alltaf endapunktur í öllu okkar starfi og þar er líka markaðsefni til þess að vekja athygli á fyrrgreindu ásamt því að viðburðir eru birtir þar og ítarefni um samstarfsfyrirtæki. Allar upplýsingar um fyrirtæki og áhugaverða staði birtast einnig á [www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is) en almennt markaðsefni er ekki birt þar, einungis þjónustulistar og sú síða er á vegum Ferðamálastofu. Í tengslum við aðgerðir Ferðamálastofu sem eru Ferðagjöf stjórnvalda og að óska eftir tilboðum frá ferðapjónustuaðilum, þá eru þær upplýsingar líka birtar við hvert og eitt fyrirtæki sem tekur þátt í því á [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is). Þessar upplýsingar eru ekki í forgrunni á síðunni en ferðamenn þurfa ekki að leita á aðrar síður til þess að fá þessar upplýsingar. Ný heimasíða verður sett í loftið í haust og þar mun allt efni áfram nýtast vel.

**Samstarf við sveitarfélög:** Við leitum til sveitarfélaga eftir viðburðum til þess að auglýsa bæði á okkar miðlum og fyrir birtingarfé Ferðamálastofu. Við birtum öll sveitarfélög að minnsta kosti tvisvar í sumar á okkar miðlum. Við aðstoðum sveitarfélög við útfærslur á sínum herferðum ef þess er óskað og viljum gjarnan taka þátt í því til þess að hámarka árangur.

**Samstarfsfyrirtæki:** Til þess að nýta sér þessar aðgerðir þá er mikilvægt að upplýsingar samstarfsfyrirtækja séu uppfærðar. Markaðsstofan birtir myndir og texta á íslensku og ensku við hvert fyrirtæki og núna er íslenski hlutinn í forgrunni. Stóra markmiðið er að sem flestir fari norður í sumar og dvelji sem lengst ásamt því að sami hópur kaupi þjónustu. Með því að deila efni eins og við á inn á sína miðla geta fyrirtæki tekið þátt í velgengni herferða og oft er efnið í takti við þjónustuframboð eða staðsetningu fyrirtækis. Þegar að fólk spyr hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um þjónustu eða hugmyndir af afþreyingu þá þjónustum við best kunnann með því að vísa á [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is) þar sem tengiliðaupplýsingar vísa beint á fyrirtæki en ekki bókunarvélar og enginn önnur heimasíða getur svarað öllum þessum spurningum.

Ef þitt fyrirtæki vill nýta almennar myndir á sínum miðlum þá má nálgast myndabanka hér [www.nordurland.is/myndabanki](http://www.nordurland.is/myndabanki). Ef kostur er þá er gott að merkja Norðurland eða vísa á heimasíðuna [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is) og þeim tilvikum að merkja okkur á samfélagsmiðlum #nordurland @nordurland.is. Ef verið er að setja inn efni á ensku, þá er hægt að merkja okkur með #northiceland og @northiceland.

Ef þitt fyrirtæki á myndir sem það vill deila með öllum eða okkur þá tökum við því alltaf fagnandi en af fyrri reynslu þá þurfa þær myndir að koma til okkar án allra takmarkana og merkja, og að lágmarki 1 mb að stærð.

Að lokum

Þessar áherslur geta breyst og sumt efni á eftir að full vinna, skjalið og birtingaráætlun er því birt með þeim fyrirvara. Birtingar eru studdar með keyptum auglýsingum. Starfsfólk Markaðsstofunnar er alltaf boðið og búið til þess að aðstoða.

Hér eru upplýsingar um starfsmenn: <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/um-mn/starfsmenn>.